Dómsmálaráðuneyti
Skúlagata 4
101 Reykjavík
Sent í gegnum Samráðsgátt

Reykjavík 16. nóvember 2026
Tilvísun: M202611-0448

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt, mál nr. S-225/2026

Alþýðusamband Íslands tekur til umsagnar drög að reglugerð um skilyrði til framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt. Með drögunum er lagt til að samræma og herða kröfur um trygga framfærslu með ákvæðum um lágmarksfjárhæðir, fjölskyldustærð og hvaða fjármunir teljast til framfærslu.

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við tillögurnar og lýsir yfir áhyggjum af afleiðingum þeirra fyrir launafólk og fjölskyldur þess. Kröfurnar eru nær tvöfaldaðar fyrir einstaklinga og hækka enn meira fyrir barnafjölskyldur án fyllilegs rökstuðnings svo umfangsmikilla hækkana.

Fyrirhuguð viðmið um trygga framfærslu byggja á meðaltali þriggja ólíkra viðmiða í velferðarkerfinu. Óskýrt er á hvaða forsendum það meðaltal er talið endurspegla trygga framfærslu. Sameiginleg uppfærð opinber framfærsluviðmið eru ekki til hér á landi. Slík viðmið þarf að móta á faglegum grunni, en ekki skilgreina fyrir afmarkaðan hóp án heildstæðrar umræðu um forsendur þeirra og notkun. Skýra þarf hvort stjórnvöld telji fyrirhugaðar fjárhæðir endurspegla almenna lágmarksþörf til framfærslu og, ef svo er, hvernig það samræmist fjárhæðum lægstu launa og bóta.

Sérstakt áhyggjuefni er að fyrirhugað einstaklingsviðmið er hærra en lægstu kjarasamningsbundnu laun fyrir fullt starf. Launafólk í fullu starfi sem tekur laun samkvæmt kjarasamningum teljast því ekki hafa trygga framfærslu samkvæmt drögunum. Að mati ASÍ er óásættanlegt að kjarasamningsbundin laun fyrir fulla vinnu nægi ekki til að uppfylla framfærsluskilyrði stjórnvalda og séu hindrun fyrir áframhaldandi dvöl eða veitingu ríkisborgararéttar.

ASÍ gerir jafnframt alvarlega athugasemd við að svo veigamiklar breytingar á framfærsluskilyrðum, sem geta haft víðtækar afleiðingar fyrir réttarstöðu einstaklinga og fjölskyldna þeirra, séu ákveðnar með reglugerð án efnislegrar umfjöllunar á Alþingi. Að mati sambandsins er hér um að ræða grundvallarspurningu um skilyrði fyrir búsetu og þátttöku fólks í íslensku samfélagi sem eðlilegt er að sæti lýðræðislegri umræðu og afstöðu löggjafans.

Virðingarfyllst,

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

f.h. Alþýðusambands Íslands





Steinunn Bragadóttir, hagfræðingur hjá ASÍ
Kristjana Fenger, lögfræðingur hjá ASÍ

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is